

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundargerð 7. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Fundur haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu miðvikudaginn 15. október 2014 kl. 13.00

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Drög að samningi um sóknaráætlun landshluta
3. Drög að úthlutunarreglum
4. Skipting fjármagns milli landshluta
5. Önnur mál
 - a) Næsti fundur

Mættir: Torfi Jóhannesson formaður (ANR), Elvar Knútur Valsson (ANR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karítas Gunnarsdóttir (MMR), Pétur Berg Matthíasson (FJR), Steinunn Fjóla Sigurðardóttir (UAR) og Þórarinn V. Sólmundarson (MMR, kom kl. 13.25). Auk þeirra sátu fundinn Aðalsteinn Óskarsson (talsmaður landshlutasamtaka sveitarfélaga), Árni Ragnarsson (Byggðastofnun) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Karl Björnsson (Sambandinu), Heiður Björnsdóttir (VEL), Stefanía Traustadóttir (IRR) og Unnur Orradóttir Ramette (UTN).

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar hafði verið send fundarmönnum og var hún samþykkt án athugasemda.

2. Drög að samningi um sóknaráætlun landshluta

Fyrstu drög að samningi voru rædd á síðasta fundi stýrihópsins. Torfi, Þórarinn og Hólmfríður unnu með drögin á milli funda og voru ný drög send fundarmönnum fyrir fundinn. Gert er ráð fyrir að samningurinn skiptist í fjóra meginkafla, það er sóknaráætlun, uppbyggingarsjóð, áhersluverkefni og ráðstöfun fjármuna og umsýslu.

Farið yfir drögin, grein fyrir grein. Þá var rætt um fjármagn til sóknaráætlana, bæði frá ríkinu og einnig frá sveitarfélögum. Helstu breytingar frá fyrstu drögum eru þær að nú er reiknað með 5 ára samningstíma, boðið upp á aukinn sveigjanleika gagnvart hlutfalli fjármagns sem færi í samkeppnissjóð, fallið frá kröfu um að lágmarkshlutfall fjármuna renni til menningarmála en í staðinn lögð áhersla á eftirlit með að hlutfallið verði í samræmi við fjárveitingar til málaflöksins.

Aðalsteinn ítrekaði áhyggjur landshlutasamtaka sveitarfélaga um að framlag til sóknaráætlana í fyrirliggjandi fjárlagafrumvarpi væri of lágt, jafnvel þó að tækist að halda sömu fjárhæð og á fjárlögum ársins 2014. Sagði hann að verið væri að leggja upp með fimm ára samnings án fyrirheita stjórnvalda um framlög á samningstíma.

Torfa og Hólmfríði falið að gera breytingar á drögnum í samræmi við umræður á fundinum og senda landshlutasamtökunum. Lögð áhersla á virkt samráð við þau. Þeim verði veittur frestur til 3. nóvember til að skila umsögnum og í framhaldinu ákveðið hvernig samráðinu verði framhaldið.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál

3. Drög að úthlutunarreglum

Drög að úthlutunarreglum vegna styrkja úr uppbyggingarsjóði (samkeppnissjóði) voru lítillega rædd. Torfa og Hólmfríði falið að fara yfir þau og senda á stýrihópinn og landshlutasamtökin.

4. Skipting fjármagns milli landshluta

Rætt var um skiptingu fjármuna milli landshluta og viðmið sem nota mætti við skiptinguna. Fram kom að vilji er til að ná samkomulagi um eina skiptareglu fyrir heildarfjármagnið.

5. Önnur mál

a) Næsti fundur

Næsti fundur stýrihópsins var ákveðinn miðvikudaginn 5. nóvember kl. 13.00-15.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.05.